

Hveragerðisbær

Ársreikningur 2007

Efnisyfirlit**bls.**

Undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Samantekinn ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana	4 - 18

Hveragerðisbær
Kennitala 650169-4849
Sunnumörk 2, 810 Hveragerði

Undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu kr. 1.266,7 milljónum samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 1.172,4 milljónum. Rekstrartekjur A hluta námu kr. 1.188,1 milljónum en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 1.093,7 milljónum. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,33% vegna íbúðarhúsnæðis, en lögbundið hámark þess er 0,625%, og 1,6% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um kr. 103,9 milljónir en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir kr. 45,1 milljóna hagnaði. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um kr. 101,8 milljónir en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð kr. 34,2 milljónir. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam kr. 407,2 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi.

Það er álit stjórnar sveitarfélagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Íbúafjöldi Hveragerðisbæjar 31. desember 2007 var 2.274 og fjölgaði um 85 frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hveragerðisbæjar og stofnana fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hveragerði, 19. maí 2008.

Bæjarstjórn:

Bæjarstjóri

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hveragerðisbæjar fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikninga fyrir Sveitarsjóð (A hluti) og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 14.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bæjarfélagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Selfossi, 19. maí 2008.

PricewaterhouseCoopers hf

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Hveragerðisbæjar, höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs og stofnana hans fyrir árið 2007 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Rekstrarreikningur ársins 2007

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti			
	2007	Fjárh.áætl.	2006	2007	Fjárh.áætl.	2006	
Tekjur							
Skatttekjur	2	661.454	644.088	559.892	661.454	644.088	559.892
Framlög jöfnunarsjóðs	2	243.523	215.476	198.958	243.523	215.476	198.958
Aðrar tekjur	2	283.155	234.152	158.643	361.725	312.841	229.203
		<u>1.188.132</u>	<u>1.093.716</u>	<u>917.494</u>	<u>1.266.702</u>	<u>1.172.405</u>	<u>988.054</u>
Gjöld							
Laun og launatengd gjöld	3	554.525	548.559	501.689	554.972	548.559	501.979
Breyting lífeyrisskuldbindingar	3	22.535	20.000	38.722	22.535	20.000	38.722
Annar rekstrarkostnaður		392.237	382.008	330.138	428.064	410.954	366.511
		<u>969.297</u>	<u>950.567</u>	<u>870.549</u>	<u>1.005.571</u>	<u>979.513</u>	<u>907.212</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		218.835	143.149	46.944	261.131	192.892	80.842
Afskriftir	6	(34.185)	(35.103)	(34.825)	(46.531)	(47.462)	(45.687)
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		184.650	108.046	12.120	214.600	145.430	35.155
Fjármagnsliðir	4	(82.873)	(73.837)	(82.235)	(110.689)	(100.376)	(112.333)
Rekstrarniðurstaða	5	<u>101.777</u>	<u>34.209</u>	<u>(70.116)</u>	<u>103.910</u>	<u>45.054</u>	<u>(77.179)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2007	2006	2007	2006
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir		1.063.748	822.787	1.099.402	858.853
Veitukerfi		0	0	247.042	244.715
Gatnakerfi		27.307	104.905	27.307	104.905
Vélar, áhöld og tæki		12.377	4.843	12.377	4.843
		<u>1.103.432</u>	<u>932.535</u>	<u>1.386.129</u>	<u>1.213.315</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	7	174.092	86.756	174.092	86.756
Langtímakröfur	8,9	13.289	2.228	13.289	2.228
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	8	97.108	96.025	0	0
		<u>284.489</u>	<u>185.009</u>	<u>187.381</u>	<u>88.984</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.387.921</u>	<u>1.117.544</u>	<u>1.573.510</u>	<u>1.302.300</u>
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	9	75.843	73.751	76.796	74.357
Næsta árs afborganir langtímakrafna	8	8.017	2.150	8.017	2.150
Næsta árs afborganir B-hluta	8	4.275	3.494	0	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		118.615	107.818	0	0
Aðrar skammtímakröfur	9	84.902	66.643	84.902	66.643
Handbært fé		10.028	164	10.028	164
Veltufjármunir samtals		<u>301.681</u>	<u>254.019</u>	<u>179.743</u>	<u>143.313</u>
Eignir samtals		<u>1.689.602</u>	<u>1.371.563</u>	<u>1.753.253</u>	<u>1.445.613</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2007	2006	2007	2006
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Eigið fé	10	396.424	187.151	407.196	195.790
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	11	250.470	235.163	250.470	235.163
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	12	735.433	680.792	819.046	769.237
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		0	106.766	0	106.766
Viðskiptaskuldir		25.678	20.218	26.038	20.525
Næsta árs afborganir langtímaskulda	12	89.995	82.313	100.019	92.760
Skuldir við eigin fyrirtæki		41.118	33.786	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		150.484	25.373	150.484	25.373
		<u>307.275</u>	<u>268.456</u>	<u>276.541</u>	<u>245.423</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.293.178</u>	<u>1.184.411</u>	<u>1.346.057</u>	<u>1.249.823</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.689.602</u></u>	<u><u>1.371.563</u></u>	<u><u>1.753.253</u></u>	<u><u>1.445.613</u></u>
Aðrar upplýsingar	13-14				

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2007	Fjárh.áætl.	2006	2007	Fjárh.áætl.	2006
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	101.777	34.209	(70.116)	103.910	45.054	(77.179)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður	0	0	(21.103)	0	0	(25.208)
Reiknaðar afskriftir	34.185	35.103	34.825	46.531	47.462	45.687
Verðbætur og gengismunur	39.562	32.112	41.584	50.705	41.040	55.238
Breyting lífeyrisskuldbindinga	22.535	30.582	38.722	22.535	30.582	38.722
Veltufé frá rekstri	198.059	132.006	23.913	223.682	164.138	37.261
Breytingar á skammtímalíðum:						
Óinnheimtar tekjur	(2.092)	(467)	(4.183)	(2.440)	0	(3.801)
Aðrar skammtímakröfur	(18.259)	0	36.126	(18.259)	0	37.711
Skammtímaskuldir	130.571	0	(2.980)	130.625	0	(2.981)
Lífeyrisskuldbinding, afborgun	(7.229)	0	(3.111)	(7.229)	0	(3.111)
	102.991	(467)	25.852	102.698	0	27.818
Handbært fé frá rekstri	301.050	131.539	49.765	326.380	164.138	65.079
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum	(205.082)	(134.093)	(204.280)	(219.345)	(149.203)	(264.187)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	0	34.000	0	0	45.865
Fjárfesting í eignarhlutum	(2.375)	(2.343)	(5.634)	(2.375)	(2.343)	(5.634)
Verðbréf, breyting	9.505	0	7.149	5.641	0	2.841
	(197.953)	(136.436)	(168.765)	(216.079)	(151.546)	(221.114)
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	100.000	100.000	82.600	100.000	100.000	82.600
Afborganir langtímalána	(83.002)	(74.982)	(71.159)	(93.670)	(84.261)	(88.213)
Skammtímalán, breyting	(106.766)	0	95.097	(106.766)	0	95.097
Eigin fyrirtæki, breyting	(3.466)	8.211	(54.090)	0	0	0
Óinnheimt vegna sölu eigna, breyting	0	0	66.500	0	0	66.500
	(93.233)	33.229	118.948	(100.436)	15.739	155.984
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	9.864	28.332	(52)	9.864	28.331	(52)
Handbært fé í ársbyrjun	164	216	216	164	216	216
Handbært fé í árslok	10.028	28.548	164	10.028	28.547	164

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytis um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast stofnanir, sem eru að fullu í eigu Hveragerðisbæjar og er rekstur þeirra fjármagnaður með þjónustutekjum. Stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Fráveita og Vatnsveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluti) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir	40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

1.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2008. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.8 Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

1.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

1.11 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2007. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 11.

1.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2007 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2007	Áætlun	2007	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvör	543.440	530.829	543.440	530.829
Fasteignaskattar	89.692	88.051	89.692	88.051
Lóðarleiga	28.322	25.208	28.322	25.208
	<u>661.454</u>	<u>644.088</u>	<u>661.454</u>	<u>644.088</u>
Jöfnunarsjóður:				
Tekjujöfnunarframlag	50.297	48.070	50.297	48.070
Þjónustuframlag	81.276	68.273	81.276	68.273
Rekstrarframlag Grunnskóla	78.817	68.630	78.817	68.630
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatts	25.953	22.584	25.953	22.584
Framlag vegna nýbúa	3.580	4.319	3.580	4.319
Framlag vegna fatlaðra	3.600	3.600	3.600	3.600
	<u>243.523</u>	<u>215.476</u>	<u>243.523</u>	<u>215.476</u>
Skatttekjur samtals	904.977	859.564	904.977	859.564
Aðrar tekjur	283.155	234.152	361.725	312.841
Rekstrartekjur samtals	<u>1.188.132</u>	<u>1.093.716</u>	<u>1.266.702</u>	<u>1.172.405</u>
Íbúafjöldi	<u>2.274</u>	<u>2.309</u>	<u>2.274</u>	<u>2.309</u>
Skatttekjur á íbúa	<u>398</u>	<u>372</u>	<u>398</u>	<u>372</u>

3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	459.707	457.908	460.078	457.908
Launatengd gjöld	94.818	90.651	94.894	90.651
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	22.535	20.000	22.535	20.000
	<u>577.061</u>	<u>568.559</u>	<u>577.507</u>	<u>568.559</u>

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu kr. 22,7 milljónum á árinu 2007.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2007	Áætlun	2007	Áætlun
Vaxtatekjur	86.005	88.359	89.606	89.831
Tekjur af eignarhlutum í félögum	5.342	5.341	5.342	5.341
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(174.220)	(167.537)	(205.637)	(195.548)
	<u>(82.873)</u>	<u>(73.837)</u>	<u>(110.689)</u>	<u>(100.376)</u>

5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	0	904.977	904.977	859.564
Félagsþjónusta	66.409	11.172	(55.236)	(63.445)
Fræðslu- og uppeldismál	521.120	76.701	(444.420)	(440.416)
Menningarmál	42.506	3.172	(39.334)	(39.945)
Æskulýðs- og íþróttamál	142.601	51.035	(91.566)	(89.493)
Brunamál og almannavarnir	18.448	6.095	(12.353)	(12.502)
Hreinlætismál	20.842	13.561	(7.282)	(11.126)
Skipulags- og byggingarmál	24.662	23.752	(911)	(14.406)
Umferðar- og samgöngumál	32.266	1.821	(30.445)	(39.186)
Umhverfismál	20.201	344	(19.857)	(19.411)
Atvinnumál	29.049	16.581	(12.469)	(9.227)
Sameiginlegur kostnaður	102.781	20.031	(82.750)	(78.993)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	22.535	0	(22.535)	(20.000)
Fjármagnsliðir	0	13.964	13.964	24.746
Aðalsjóður samtals	<u>1.043.421</u>	<u>1.143.204</u>	<u>99.783</u>	<u>46.160</u>
Eignasjóður	176.570	197.158	20.588	5.646
Þjónustumiðstöð	36.958	18.363	(18.595)	(17.597)
Sveitarsjóður samtals	<u>1.256.949</u>	<u>1.358.726</u>	<u>101.777</u>	<u>34.209</u>
B-hluta fyrirtæki:				
Félagslegar íbúðir	7.800	2.583	(5.217)	(3.585)
Fráveita	66.413	59.147	(7.266)	131
Vatnsveita	22.345	36.961	14.616	14.299
Sjóðir í B-hluta samtals	<u>96.557</u>	<u>98.691</u>	<u>2.134</u>	<u>10.845</u>
Samantekið samtals	<u>1.353.507</u>	<u>1.457.417</u>	<u>103.910</u>	<u>45.054</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir	Veitu- og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Sveitarsjóður:				
Heildarverð 1/1	1.512.445	111.478	11.297	1.635.220
Afskriftir 1/1	(689.658)	(6.574)	(6.454)	(702.685)
Bókfært verð 1/1	822.787	104.905	4.843	932.535
Viðbót á árinu	271.537	(76.186)	9.732	205.082
Afskrifað á árinu	(30.576)	(1.412)	(2.197)	(34.185)
Bókfært verð 31/12	1.063.748	27.307	12.377	1.103.432

	Fasteignir	Veitu- og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samantekið:				
Heildarverð 1/1	1.553.584	402.718	11.297	1.967.598
Afskriftir 1/1	(694.731)	(53.098)	(6.454)	(754.283)
Bókfært verð 1/1	858.853	349.620	4.843	1.213.315
Viðbót á árinu	271.537	(61.924)	9.732	219.345
Afskrifað á árinu	(30.987)	(13.347)	(2.197)	(46.531)
Bókfært verð 31/12	1.099.402	274.350	12.377	1.386.129

Vátryggingarverðmæti og bókfært verð fasteigna og veitukerfa sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Bókfært verð
Sveitarsjóður:		
Leikskólar	158.267	231.524
Skólar	492.229	390.469
Íþróttahús og sundlaugar	587.488	182.093
Þjónustuhúsnæði	114.089	71.667
Gatnakerfi	0	27.307
Vélar og áhöld	0	12.377
Aðrar eignir	46.685	187.995
Samtals sveitarsjóður	1.398.758	1.103.432
B-hluta stofnanir:		
Fráveitukerfi	949.100	201.848
Vatnsveitukerfi	209.220	45.195
Íbúðir	66.490	35.654
Samtals B-hluta stofnanir	1.224.810	282.697
Samantekið samtals	2.623.568	1.386.129

Skýringar

Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna nam í árslok kr. 104,8 milljónum og greinist þannig:

Bæjarskrifstofa	10.451
Grunnskólar	29.263
Leikskólar	8.362
Íþróttahús og sundlaug	9.217
Áhaldahús	5.551
Slökkvistöð	5.091
Bókasafn	31.660
Upplýsingamiðstöð	1.257
Félagsmiðstöð	3.598
Aðrar eignir	336
	104.786

7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

	2007	2006
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	18.128	18.128
Eignarhaldsfélag Hveragerðis og Ölfuss ehf	5.000	5.000
Fræðslunet Suðurlands	200	200
Eignarhaldsfélag Suðurlands	9.830	9.830
Fjölbautarskóli Suðurlands	54.493	52.117
Landskerfi bókasafna	481	481
Norðurvegur ehf	500	500
Suðurlandsvegur ehf	500	500
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf (eignarhluti 0,96%)	84.960	0
	174.092	86.756

Með gildistöku laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga ohf. hafa skapast forsendur til að sveitarfélög færi eignarhluti sína í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. frá og með 1. janúar 2007. Eignarhluti Hveragerðisbæjar að fjárhæð kr. 84,96 millj. er 0,96% hluti af innra virði Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þann 1. janúar 2007.

Í ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 var eigið fé fært niður um 3.000 milljónir króna. Fjárhæðin var færð til skuldar við sveitarfélögin í hlutfalli við eignaraðild þeirra. Nafnverð langtímakröfu Hveragerðisbæjar er kr. 22,64 milljónir sem greidd er með fjórum árlegum greiðslum, þeirri fyrstu 1. júlí 2007.

Leiðrétting á bókfærðu verði eignarhlutar í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og inneign Hveragerðisbæjar vegna niðurfærslu eigin fjár sjóðsins er fært til leiðréttingar á eigin fé. Sjá nánar skýr. nr. 10.

Skýringar

8. Langtímakröfur

	Staða 1.1	Ný bréf	Afborganir	Verðbætur	Eftirstöðvar 31.12.2007
Almenn skuldabréf	4.378	0	(1.100)	33	3.311
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	0	22.536	(4.541)	0	17.995
Skuldabréf B-hluta	99.519	0	(3.865)	5.730	101.384
Langtímakröfur samtals	103.897	22.536	(9.505)	5.762	122.690

Sveitarsjóður 2.006

Verðbréfaeign greinist þannig:

Verðtryggð lán, vextir 4,5%	102.521	0
Óverðtryggð lán, vextir 11,5-16,5%	3.311	3.311
Óverðtryggð lán, vaxtalaus	16.857	17.995
Verðbréfaeign samtals að meðtöldum næsta árs afborgunum	122.690	21.306
Næsta árs afborganir	(12.292)	(8.017)
	110.398	13.289

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008	12.292	8.017
Árið 2009	11.140	6.411
Árið 2010	12.110	6.879
Árið 2011	6.154	0
Árið 2012	6.402	0
Síðar	74.590	0
	122.690	21.306

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, skammtímakrafna og verðbréfaeignar greinist þannig:

Afskriftareikningur í ársbyrjun	75.982	78.261
Afskrifaðar og niðurfelldar kröfur á árinu	4.024	4.024
Hækkun afskriftaframlags á árinu	15.792	15.792
Afskriftareikningur í árslok	95.798	98.076

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Yfirfært frá fyrra ári	242.157	195.790
Sorpurðun flutt til aðalsjóðs	(55.005)	0
Leiðrétt staða 1/1	187.151	195.790
Leiðrétt vegna eignarhlutar og langtímakröfu í Lánasjóði Sveitarfélaga ohf	107.496	107.496
Rekstrarniðurstaða ársins	101.777	103.910
Eigið fé 31/12	396.424	407.196

Skýringar

11. Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna Hveragerðisbæjar í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins annarra en grunnskólakennara. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2007, er gerður af tryggingafræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur launagreiðanda er áætlaður 51%.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:	Sveitarsjóður	Samantekið
Lífeyrisskuldbinding 1/1	235.163	235.163
Afborgun á árinu	(7.229)	(7.229)
Breyting á árinu	22.535	22.535
	<u>250.470</u>	<u>250.470</u>

12. Langtímaskuldir

Sveitarsjóður	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2007
Lánasjóður sveitarfélaga	303.303	100.000	(41.737)	20.040	381.606
Aðrir	459.803		(41.265)	25.284	443.822
Langtímaskuldir samtals	<u>763.106</u>	<u>100.000</u>	<u>(83.002)</u>	<u>45.324</u>	<u>825.429</u>

Samantekið	Staða 1.1	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2007
Lánasjóður sveitarfélaga	313.807	100.000	(42.716)	20.624	391.715
Íbúðalánasjóður	37.082	0	(837)	2.150	38.395
Aðrir	511.108	0	(50.117)	27.964	488.955
Langtímaskuldir samtals	<u>861.997</u>	<u>100.000</u>	<u>(93.670)</u>	<u>50.738</u>	<u>919.065</u>

Yfirlit um langtímaskuldir:	Sveitarsjóður	Samantekið
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 5,85%	825.429	919.065
Næsta árs afborganir	(89.995)	(100.019)
	<u>735.433</u>	<u>819.046</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008	89.995	100.019
Árið 2009	85.979	97.151
Árið 2010	82.658	93.847
Árið 2011	82.867	94.073
Árið 2012	64.516	74.975
Síðar	419.414	459.000
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir	<u>825.429</u>	<u>919.065</u>

Skýringar

13. Aðrar upplýsingar

Ábyrgðarskuldbindingar

Sveitarsjóður er í ábyrgð vegna framsals á seldum skuldabréfum að fjárhæð um kr. 37,8 milljónir.

Rekstrarleiga

Sveitarfélagið hefur tekið tölvubúnað á rekstrarleigu til þriggja ára, leigugreiðslurnar á árinu 2007 námu kr. 5,7 milljónum.

Á árinu 2006 gerði bærinn samninga um leigu á 3 bifreiðum til 3 ára. Leigugreiðslur vegna þeirra námu á árinu 2007 kr. 1,7 milljónir.

Annað

Í október 2004 fluttu skrifstofur sveitarfélagsins og bókasafn að Sunnumörk 2. Gerður var leigusamningur til 25 ára og hljóða samningsbundnar leigugreiðslur á árinu 2007 upp á kr. 23,3 milljónir. Einnig hefur sveitarfélagið gert leigusamning til ársins 2009 vegna skólahúsnæðis, leigugreiðslur vegna þessa voru á árinu 2007 kr. 3,7 milljónir.

Í febrúar 2006 var undirritaður kaupsamningur milli Hveragerðisbæjar og Eyktar hf um sölu Hveragerðisbæjar á landsspildu austan Varmár. Jafnframt var gerður samstarfssamningur um uppbyggingu svæðisins. Í samningnum er kveðið á um ýmis réttindi Hveragerðisbæjar gagnvart kaupanda og einnig um ýmsar skyldur sem sveitarfélagið ber gagnvart svæðinu samkvæmt lögum og sérstökum ákvæðum í samningnum. Réttindi og skyldur seljanda falla til á þeim tíma sem samstarfssamningurinn nær til og í samræmi við framvindu uppbyggingarinnar.

Skýringar

14. Lykiltölur

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2007	Áætlun	2007	Áætlun
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Útsvar	45,7%	48,5%	42,9%	45,3%
Fasteignaskattur	7,5%	8,1%	7,1%	7,5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	20,5%	19,7%	19,2%	18,4%
Lóðarleiga	2,4%	2,3%	2,2%	2,2%
Skatttekjur samtals	76,2%	78,6%	71,4%	73,3%
Aðrar tekjur	23,8%	21,4%	28,6%	26,7%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld	46,7%	50,2%	43,8%	46,8%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	1,9%	1,8%	1,8%	1,7%
Annar rekstrarkostnaður	33,0%	34,9%	33,8%	35,1%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	18,4%	13,1%	20,6%	16,5%
Afskriftir	2,9%	3,2%	3,7%	4,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7,0%	6,8%	8,7%	8,6%
Rekstrarniðurstaða	8,6%	3,1%	8,2%	3,8%
Handbært fé frá rekstri	25,3%	12,0%	25,8%	14,0%
á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur	398	372	398	372
Aðrar tekjur	125	101	159	135
Laun og launatengd gjöld	(244)	(238)	(244)	(238)
Annar rekstrarkostnaður	(172)	165	188	178
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(36)	(32)	(49)	(43)
Rekstrarniðurstaða	45	15	46	20
Efnahagur:				
Eignir	743	594	771	626
Eigið fé	174	81	179	85
Lífeyrisskuldbinding	110	102	110	102
Skuldir án skuldbindinga	459	411	482	439
Sjóðstreymi:				
Handbært fé frá rekstri	132	57	144	71
Aðrar lykiltölur:				
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir, mælt í árum	2,44	5,18	2,51	4,69
Veltufjárhlutfall	0,98	0,95	0,65	0,58
Eiginfjárhlutfall	23,5%	13,6%	23,2%	13,5%

Skýringar

Lykiltölur framhald, Bæjarsjóður (A-hluti)

	2007	2006	2005	2004	2003
Í hlutfalli við rekstrartekjur:					
Útsvar	45,7%	50,5%	46,0%	53,7%	55,3%
Fasteignaskattur	7,5%	8,1%	6,9%	6,9%	7,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	20,5%	21,7%	23,1%	22,4%	22,7%
Lóðarleiga	2,4%	2,4%	2,0%	2,2%	2,3%
Skatttekjur samtals	76,2%	82,7%	77,9%	85,3%	87,5%
Aðrar tekjur	23,8%	17,3%	22,1%	14,7%	12,5%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launat. gjöld	46,7%	54,7%	50,7%	56,2%	59,3%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	1,9%	4,2%	2,0%	3,4%	1,6%
Annar rekstrarkostnaður	33,0%	36,0%	32,4%	39,9%	41,0%
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir	18,4%	5,1%	15,0%	0,5%	-6,9%
Afskriftir	2,9%	3,8%	4,2%	4,9%	5,0%
Fjármagnsliðir	7,0%	9,0%	6,9%	8,3%	8,4%
Rekstrarniðurstaða	8,6%	-7,6%	3,8%	-12,7%	-15,3%
á íbúa:					
Rekstur					
Skatttekjur	398	347	311	277	268
Aðrar tekjur	125	72	88	48	38
Laun og launat. gjöld	(244)	(229)	(203)	(183)	(182)
Annar rekstrarkostnaður	(172)	(151)	(129)	(129)	(125)
Fjármagnsliðir	(36)	(38)	(28)	(27)	(26)
Rekstrarniðurstaða	45	(32)	15	(41)	(47)
Efnahagur:					
Eignir	743	652	623	685	645
Eigið fé	174	111	149	139	105
Lífeyrisskuldbindingar	110	107	96	92	88
Skuldir án skuldbindinga	459	434	378	454	452
Sjóðstreymi					
Handbært fé frá rekstri	132	23	20	(1)	(33)
Aðrar lykiltölur:					
Handbært fé frá rekstri í hlutfalli við langtíma- skuldir mælt í árum	2,44	13,68	14,94		
Veltufjárhlutfall	0,98	1,15	2,20	1,64	1,12
Eiginfjárhlutfall	23,5%	17,0%	24,0%	20,3%	16,2%
Útsvarsprósenta	13,03%	13,03%	13,03%	12,99%	12,99%
Fasteignaskattsprósenta:					
A-liður	0,33%	0,35%	0,38%	0,38%	0,38%
B-liður	0,88%	0,44%			
C-liður	1,60%	1,60%	1,41%	1,41%	1,41%
Íbúafjöldi	2.274	2.189	2.089	2.021	1.887
Breyting frá fyrra ári%	3,9%	4,8%	3,4%	7,1%	0,1%